

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
Kristinn Pálsson
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

23.10.2020
2020-09-72/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar

Landsneti barst þann 18. sept. 2020 beiðni um að veita umsögn um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar.

Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun og mun umsögn Landsnets fyrst og fremst taka afstöðu til málefna sem snúa að því.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Í kafla 2 eru tilgreind helstu viðfangsefni og áherslur við endurskoðun skipulagsins en veitukerfi eru ekki meðal þeirra.

Landsnet bendir á að mikilvægur hluti flutningskerfis fyrirtækisins liggur innan sveitarfélagsins sbr. eftirfarandi:

- Brennimelslína 1, Búrfellslína 3, Kolviðarhólslína 1 og Sogslína 3 sem eru 220 kV loftlínur
- Nesjavallalína 1, sem er 132 kV jarðstrengur og loftlína að hluta
- Nesjavallalína 2, sem er 132 kV jarðstrengur
- Sogslína 2, sem er 132 kV loftlína

Í skipulagslýsingunni er fjallað um að áætlunin tengist kerfisáætlun 2019-2028. Landsnet bendir á að Kerfisáætlun Landsnets er gefin út árlega. Mikilvægt er að stefnumörkun um raforku í aðalskipulagi taki mið af Kerfisáætlun Landsnets hverju sinni og að auki stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og lagningu raflína.¹

Í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar eru sýndar þær raflínur Landsnets, sem þá voru fyrirhugaðar og höfðu þá verið metnir í mati á umhverfisáhrifum SV-lína. Þar var m.a gert ráð fyrir þremur línur (tveimur 400 kv og einni 132 kv) frá Hafnarfirði að fyrirhuguðu tengivirki við Lyklafell (þá nefnt Sandskeið). Ein þessara lína var Lyklafellslína 1 (þá nefnd Sandskeiðslína). Markmið SV- línu verkefnisins var tvíþætt, annars vegar að geta brugðist við þá aukinni eftirspurn eftir öflugu flutningkerfi vegna áforma um virkjanaframkvæmdir og tenginga við stórnotendur og hins vegar tilfærslu á flutningskerfi fjær byggð.

Frá þeim tíma hafa ýmsar forsendur breyst, en enn er þörf á tilfærslu kerfisins fjær byggð. Unnið er að nýju að undirbúningi Lyklafellslínu 1 og nýs tengivirkis við Lyklafell í samræmi við Kerfisáætlun. Samkvæmt áætluninni er ínan er 220 kV loftlína sem mun liggja frá nýju tengivirki við Lyklafell, samhliða Búrfellslínu 3b, sem þar er til staðar og að tengivirkinu í Hamranesi í Hafnarfirði. Tilgangur með byggingu línunnar er að tryggja möguleika á niðurrifi Hamraneslína 1 og 2 og Ísallína 1 og 2 og einn af byrjunaráföngum þess að færa flutningskerfi raforku fjær byggð.

Hafinn er undirbúningur að mati á umhverfisáhrifum Lyklafellslínu 1 og verður tillaga að matsáætlun kynnt innan skamms. Í tillögunni er lagt upp með að metnir verði tveir valkostir fyrir Lyklafellslínu 1, annars vegar loftlína í samræmi við kerfisáætlun og hins vegar jarðstrengur meðfram Bláfjallavegi. Tekin verður ákvörðun um aðalvalkost þegar niðurstöður úr matinu liggja fyrir og hann kynntur í frummatsskýrslu.

¹ Þingsályktanir 26/148 og 11/144.



Ljóst er að ákveðnar forsendur hafa breyst varðandi flutningskerfi raforku í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, sbr. ofangreint. Hins vegar er ljóst að áfram er stefnt að því að mikilvægur tengipunktur kerfisins verði um fyrirhugað tengivirki við Lyklafell.

Auk þess að vinna að undirbúningi tengingar milli Lyklafells og Hamraness í Hafnarfirði (Lyklafellslínu 1), er Landsnet að vinna að frekari greiningum á kerfinu í kringum Lyklafell. Því óskar Landsnet eftir því að þegar kemur að vinnslu á skipulagstillögu aðalskipulags Mosfellsbæjar, verði haft samráð við Landsnet, þannig að til grundvallar skipulagsbreytingum liggi fyrir sem nýjustu greiningar Landsnets hvað varðar flutningskerfið innan Mosfellsbæjar.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
Framkvæmdastjóri Stjórnunarviðs

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson